

Alþingi
Erindi nr. P 131/322
komudagur 30.11.21/322



Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

TILVITNUN YÐAR

BRÉF YÐAR

TILVITNUN VOR
SHA/sha
0.44

DAGSETNING
30.11.2004


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlögum, 235. mál, matsferli, málskotsréttur, úrskurðarnefnd o.fl.

Sem fyrr þakka Rafmagnsveitur ríkisins þá vinnu sem lögð var í endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlögum, og eru í megindráttum sammála þeim grundvallarbreytingum sem þar hafa verið gerðar frá gildandi lögum. Er hér þá sérstaklega vísað til þess að í þeim frumvörpum sem nú liggja fyrir er ákvörðunarferli stjórnvalda vegna mats á umhverfisáhrifum breytt til samræmis við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Það vekur þó athygli við yfirlestur þingskjalsins að efnislegar athugasemdir Rafmagnsveitnanna, sem voru samhljóða efnislegum athugasemdum Samorku, hefur verið gefinn afar lítill gaumur í þessu frumvarpi. Hvað varðar efnislegar athugasemdir Rafmagnsveitna ríkisins um frumvarpið vísar fyrirtækið til nýrrar umsagnar Samorku og tekur undir þær athugasemdir sem þar koma fram, með von um að þær hljóti hljómgrunn að þessu sinni.

Til áréttingar athugasemdum okkar látum við einnig fylgja hér með samantekt á helstu þáttum þeirrar umsagnar.

Virðingarfyllst,


rafmagnsveitustjóri

Meðfylgjandi:

Greinargerð RA-1445: Helstu þættir í umsögn Rafmagnsveitna ríkisins til umhverfisnefndar vegna máls nr. 235, frv. til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breyt., á þskj. 241.

RA-1443

GREINARGERÐ: RA-1445

Helstu þættir í umsögn Rafmagnsveitna ríkisins til umhverfisnefndar vegna máls nr. 235, frv. til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breyt., á þskj. 241.

Almennar athugasemdir:

- RARIK varar við þeirri tilhneigingu að auka stöðugt við þær kröfur sem gerðar eru við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda með tilheyrandi kostnaðarauka fyrir framkvæmdaraðila og auknum verkefnum fyrir ríki og sveitarfélög.
- Leyfisveitingarferli stærri framkvæmda, þar sem margir leyfisveitendur koma að málum, kann að leiða til verulegrar réttaróvissu og tafa.

Breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000

Við 3. grein

- Óásættanlegt og óskiljanlegt er að lagt sé til að hugtakið *umtalsverð umhverfisáhrif* skuli ekki felld úr lögum en samstaða hafði náðst um það atriði í endurskoðunarnefnd og málið þannig gert í frv. sem lagt var fram í fyrra.

Við 8. grein (9 gr. laganna)

- Í eldra frumvarpi var gert ráð fyrir því að í 8. gr. laganna yrði tiltekið að matskýrsla framkvæmdaraðila yðri unnin í samráði við Skipulagsstofnun. Þetta hefur nú verið afnumið í nýju frumvarpi án nokkurrar skýringa en hér er um stefnubreytingu að ræða sem gengur þvert gegn einum af þeim meginsjónarmiðum sem löggin byggja á, þ.e.a.s. samráðsferli milli framkvæmdaraðila og Skipulagsstofnunar.
- RARIK telur að stöðlun viðmiða, líkt og gert er ráð í c-lið 8. gr. frv., eigi ekki heima í lögnum, sem fjalla um form og málsmeðferð, auk þess sem mjög erfitt er að setja staðla um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdar – sjá einnig 15. grein..

Við 10. grein (11. gr. laganna)

- Í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun geti sett skilyrði og kveðið á um mótvægisáðgerðir í álitinu sínu, sem nú heitir *álit um mat á umhverfisáhrifum* (það heiti var ekki í fyrra frumvarpi). Með frumvarpinu er leitast við að eyða þeirri réttaróvissu sem úrskurðarferli laga nr. 106/2000 skapaði um skil milli verkefna og hlutverka Skipulagsstofnunar annars vegar og leyfisveitenda hins vegar. Það skýtur því skökku við og eykur aftur á þá óvissu sem frumvarpinu er ætlað að eyða ef Skipulagsstofnun getur tilgreint skilyrði eða frekari mótvægisáðgerðir fyrir framkvæmd.

Við 11. grein (12. gr. laganna)

- Óásættanlegt er að tímafrestur til þess að meta hvort framkvæmd skuli fara í mat aftur eða ekki skuli stytur úr 10 árum í sex, sbr. 11. gr. frv.

Við 12. grein (var 12. gr. og verður 14. gr. laganna)

- Umhverfisverndarsamtök hafi starfað í þrjú ár hið minnsta, til samræmis við erlendar fyrirmyndir, áður en þau fá þá stöðu sem þeim er ætlað skv. lögnum, sbr. 12. gr. og 21. gr. frv.

Við 13. grein (var 16. gr. og verður 13. gr. laganna)

- Varðandi 13. gr. verður að benda á að leyfisveitingaferli er enn mjög óljóst, hvergi er tekið á því álitafni ef hina ýmsu leyfisveitendur greinir á um framkvæmdina eða það álit sem liggur fyrir á grundvelli skýrslu framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum. Margar leyfisveitingar að lögum ættu fremur að falla í flokk umsagna. Samorka telur rétt að tekinn verði af allur vafi í þessu efni með því að taka fram varðandi raforkuvinnslu að leyfi iðnaðarráðherra gangi framur öðrum leyfum og bindi önnur stjórnvöld. Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir er enn frekar en áður verið að auka verkefni stjórnsýslunnar og draga málsmeðferð á langinn með tilheyrandi kostnaði fyrir opinbera aðila.

Breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, m.s.br.

Við 20. grein (viðbót við 6. gr. laganna)

- Í 20. gr. frv. er gert ráð fyrir því að framkvæmdaraðili beri einn kostnað af störfum eftirlitsnefndar sem sveitarstjórn skipar og starfar í umboði hennar. Hér er um óeðlilega kostnaðarskiptingu að ræða þar sem sá sem greiðir hefur engin tók á að hafa eftirlit með kostnaði eða gera athugasemdir.

Við 21. grein (8. gr. laganna)

- Ljóst þarf að vera að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála fjallar ekki efnislega um álit Skipulagsstofnunar, sbr. 21. gr. frv.
- Kærufrestur kann í einstaka tilvikum að verða óvenjulangur, sbr. 21. gr. frv.
- Réttur til að stöðva framkvæmdir er of víðtækur og án allra takmarkana að því er virðist, sbr. 21. gr. frv.

Við 22. grein (27. gr. laganna)

- Rétti sveitarfélaga til að setja framkvæmdum sem fara í mat á umhverfisáhrifum skilyrði við útgáfu framkvæmdaleyfis, hvort sem er á grundvelli álits Skipulagsstofnunar eða gildandi skipulagsáætlana, er alfarið mótmælt, sjá 22. gr. frv.
- Lagt er til að framkvæmdaleyfi gildi í 2 ár en ekki 1 ár, sbr. 22. gr. frv.

Við 25. grein (53. gr. laganna)

- Mótmælt er útvíkkun gjaldstofns þjónustugjalda vegna útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 25. gr. frv.